

# 2015





# dagatal

## Skógræktar ríkisins



Á hverju ári gefur Skógrækt ríkisins út dagatal með fræðandi og skemmtilegum upplýsingum um einhvern þátt skógræktar. Að þessu sinni er þema dagatalsins sjaldgæfar tegundir lauftrjáa í skógrækt.

Ef frá er talið birki, og á seinni árum alaskaösp, þá hafa lauftré verið mun minna áberandi í íslenskri skógrækt en barrtré. Fyrir því eru eðlilegar ástæður, ekki síst sú að stærstur hluti lands sem býðst til skógræktar er ófrjósamara en flest lauftré krefjast. Þeim mun algengari hafa lauftré verið í trjárækt í görðum, þar sem fjöldi tegunda hefur náð ágætum þroska héraendis. Með hlýnandi loftslagi og í skjóli frumherjanna skapast möguleikar á aukinni notkun lauftrjáa í skógrækt, bæði til að auka fjölbreytni og rækta verðmætan við. Hér eru því nokkrar mögulegar tegundir fyrir framtíðarskóga Íslands.

# sjaldgæfar tegundir lauftrjáa í skógrækt



# janúar

S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

## Garðahlynur (*Acer pseudoplatanus*) á Mógilsá

Garðahlynur hefur fylgt manningnum til norðurs frá fjöllum sunnar í Evrópu. Gríski heimspekingurinn Hippókrates, faðir læknisfræðinnar, er sagður hafa kennt nemendum sínum undir garðahlynstré.



# febrúar

S	M	Þ	M	F	F	L
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28

16. Bolludagur 17. Sprengidagur 18. Öskudagur  
22. Konudagur

## Gráösp (*Populus x canescens*) á Akureyri

Þessi blendingur hvítaspar og blæspar er sjaldgæfur í ræktun hérlendis en trén verða mikil um sig og börkurinn er sérlega hrjúfur. Hvítösp er sögð hafa verið uppáhaldstré Herkúlesar.





# mars

S	M	Þ	M	F	F	L
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

20. Vorjafndægur 29. Pálmasunnudagur

## Gullregn (*Laburnum alpinum*) á Akureyri

Gullregn er með fallegustu trjám sem hægt er að rækta á Íslandi með sín skærgulu blóm og súkkulaðibrúnan kjarnvið. Um það gildir þó að oft leynist flagð undir fögru skinni, því flestir hlutar trésins eru eitraðir, sérstaklega fræin. Bretar tala um gullregنشret þegar kuldakast kemur um það leyti sem gullregnið blómstrar.



# apríl

S	M	Þ	M	F	F	L
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

2. Skírdagur 3. Föstudagurinn langi 5. Páskadagur  
6. Annar í páskum 23. Sumardagurinn fyrsti

## Selja (*Salix caprea*) á Hallormsstað

Selja er stórvaxin víðitegund. Fræðiheitið merkir „geitvíðir“ og munu geitur vera sólgnar í lauf og sprota hennar. Selja og tunglið eru tákn grisku gyðjunnar Helice (Kallistó) og er nafn trésins og reyndar víðiættkvíslarinnar allrar (*Salix*) dregið af nafni hennar. Með aldrinum breyttist sú gyðja síðan í Hel í norrænni goðafræði.



# maí

S	M	Þ	M	F	F	L
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

1. Verkalýðsdagurinn    10. Mæðradagurinn  
14. Uppstigningardagur    24. Hvítasunnudagur  
25. Annar í hvítasunnu

## Gráelri (*Alnus incana*) á Mógilsá

Best þykir gráelri að vaxa á lækjarbökkum. Í sumum útgáfum af írskri og norrænni goðafræði var fyrsti maðurinn skapaður úr elribol en fyrsta konan úr reynivið.



# júní

S	M	Þ	M	F	F	L
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

7. Sjómannadagurinn 17. Lýðveldisdagurinn  
21. Sumarsólstöður 24. Jónsmessa

## Hjartalind (*Tilia cordata*) á Mógilsá

Linditréð er tengt gyðjunni Freyju og er tákn elskenda. Eflaust hefur það með hjartalöguð laufblöðin að gera. Í þýskum þjóðsögum er lind tré sannleikans því enginn getur logið sem stendur undir linditré.



# júlí

S	M	Þ	M	F	F	L
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

## Beyki (*Fagus silvaticus*) á Akureyri

Beyki er tákn hins ritaða orðs og þar með visku. Hugtakið „bók“ er dregið af nafni trésins en ekki öfugt, enda þekktu menn tréð löngu áður en bækur voru ritaðar. Sagt er að hinir tignarlegu beykiskógar séu fyrirmynd að byggingu dómkirkna í Evrópu.



# Ágúst

S	M	Þ	M	F	F	L
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

3. Frídagur verslunarmanna

Heggur (*Prunus padus*) á Akureyri

Sagt er að það verji heimilisfólk fyrir svartadauða ef börkur heggs er lagður við þröskuldinn.

Mynd: Esther Ösp Gunnarsdóttir



# september

S	M	Þ	M	F	F	L
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

23. Haustjafndægur

## Gljáhlynur (*Acer glabrum*) á Hallormsstað

Gljáhlynur er smávaxin hlyntegund með fínlega sprota. Frumbyggjar N-Ameríku bundu hnút í gljáhlynsgrein og lögðu í bjarnarspor til að varna að dýrið sneri aftur og réðist á fólk.



# október

S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

24. Fyrsti vetrardagur

## Sumareik (*Quercus robur*) á Akureyri

Eik er tákn máttar og stöðugleika. Í þeim sið sem kallaður er trú á stokka og steina er eik helsti stokkurinn. Í ásatrú er eikin tákn Þórs, enda skaft Mjólnis væntanlega úr eik.

Mynd: Pétur Halldórsson



# nóvember

S	M	Þ	M	F	F	L
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

8. Feðradagurinn

Álmur (*Ulmus glabrum*) á Akureyri

Ámlundir voru heimili álfa í Evrópu rétt eins og klappir og klettur á Íslandi.

Því er líklegt að álfar taki sér bólfestu í álmum þegar ræktun þeirra eykst hér á landi.

Mynd: Pétur Halldórsson



# desember

S	M	Þ	M	F	F	L
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

1. Fullveldisdagurinn 23. Þorláksmessa 24. Aðfangadagur  
25. Jóladagur 26. Annar í jólum 31. Gamlársdagur

## Broddhlynur (*Acer platanoides*) á Fljótsdalshéraði

Á Norðurlöndunum er gömul hefð fyrir því að gróðursetja í heimilisgörðum það sem kallað er túntré á norsku, varðtré á sænsku. Hefðina má rekja aftur til hins upphaflega verndartrés, asks Yggdrasils. Hefð þessi er rík í Íslendingum án þess að við gefum henni nafn eða vitum einu sinni af henni. Hún virðist meðfædd. Reyniviður er okkar gamla verndartré en fleiri tegundir gegna þessu hlutverki nú á dögum. Broddhlynur er algengt varðtré í sænskum görðum.









SKÓGRÆKT  
RÍKISINS

[www.skogur.is](http://www.skogur.is)

Aðalskrifstofa  
Miðvangi 2-4  
700 Egilsstaðir  
[skogur@skogur.is](mailto:skogur@skogur.is)

Rannsóknastöð  
skógræktar á Mógilsá  
Kjalarnesi  
116 Reykjavík  
[mogilsa@skogur.is](mailto:mogilsa@skogur.is)

Skrifstofa  
á Akureyri  
Gömlu gróðrarst.  
Krókeyri  
600 Akureyri  
[akureyri@skogur.is](mailto:akureyri@skogur.is)

Skógarvörður  
á Austurlandi  
Hallormsstað  
701 Egilsstaðir  
[hallormsstadur@skogur.is](mailto:hallormsstadur@skogur.is)

Skógarvörður  
á Suðurlandi  
Gunnarsholti  
851 Hella  
[sudurland@skogur.is](mailto:sudurland@skogur.is)

Skógarvörður  
á Norðurlandi  
Vöglum  
601 Akureyri  
[vaglir@skogur.is](mailto:vaglir@skogur.is)

Skógarvörður  
á Vesturlandi  
Hvammi  
311 Borgarnes  
[vesturland@skogur.is](mailto:vesturland@skogur.is)

Gleðileg jólar og  
farsælt komandi ár

Happy holidays